

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar auglýsir eftir umsóknum um stöðu forstöðumanns.

Umsóknarfrestur er til 23. nóvember 2009

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar var stofnuð árið 2005 í því skyni að koma íslenskum myndlistarmönnum á framfæri erlendis. Stofnunin er sjálfstæð og fyrst og fremst fjármögnuð af menntamálaráðuneytinu. Allar helstu myndlistarstofnanir og -samtök á Íslandi eru aðilar að miðstöðinni.

Nýr forstöðumaður tekur við starfi af Dr. Christian Schoen sem hefur verið forstöðumaður frá stofnun miðstöðvarinnar og byggt upp ímynd stofnunarinnar á alþjóðlegum vettvangi undanfarið fimm ár, en hann lætur af störfum 28. febrúar 2010.

Markmið

Miðstöðin hefur að markmiði að byggja upp og efla alþjóðlegt tengslanet íslenskra myndlistarmanna og fagfólks á því sviði. Henni er einnig ætlað að styðja við þáttöku innlendra myndlistarmanna og fagfólks í alþjóðlegu samstarfi. Meðal markmiða miðstöðvarinnar á komandi árum er að:

- Stuðla að kynningu íslenskra listamanna erlendis í alþjóðlegum galleríum, sem og á margs konar listsýningum og viðburðum
- Styðja við þáttöku íslenskra gallería á viðurkenndum listastefnum
- Styðja við samstarf milli íslenskra og alþjóðlegra myndlistarmanna innanlands og utan
- Efla enn frekar gestadagskrá CIA.IS í samstarfi við einkarekna og opinberar stofnanir m.a. fyrir alþjóðlega fræðimenn og fagfólk á sviði myndlistar
- Að stuðla að því að Ísland verði gestgjafi alþjóðlegra verkefna, ráðstefna og sýninga, og styrkja þannig stöðu landsins sem menningartengds áfangastaðar

Stjórn Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar – CIA.IS leitar nýs forstöðumanns sem hefur örvandi og djarfa sýn á hvernig megi kynna íslenska myndlist erlendis.

Forstöðumaður er yfirmaður stofnunarinnar í fullu starfi, ráðinn af stjórn hennar til fimm ára í senn. Forstöðumaður sér um daglegan rekstur miðstöðvarinnar, ber ábyrgð á fjármálum hennar, annast fjáröflun, útbýr kostnaðaráætlanir og sér um reikninga.

Forstöðumaður leggur fram kostnaðaráætlanir fyrir stjórnina til samþykktar og er ábyrgur fyrir fjárhag miðstöðvarinnar gagnvart stjórninni.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í listasögu, sýningarstjórn eða sambærileg menntun
- Öflug tengsl á sviði myndlistar s.s við erlend söfn, safnara, sýningarstjóra og annað fagfólk
- Reynsla af alþjóðasamskiptum
- Geta til að koma vel frá sér texta í rituðu og töluðu máli á ensku er skilyrði og þekking á Norðurlandatungum er kostur.
- Skipulags- og rekstrarhæfileikar, svo og reynsla af fjáröflun

Með umsókn fylgi gögn/skjöl til staðfestingar hæfni auk upplýsinga um launakröfur.

Umsóknir skulu sendar á rafrænu formi til Halldórs Björns Runólfssonar, stjórnarformanns Kynningarmiðstöðvarinnar á netfangið board@cia.is fyrir 23.nóvember 2009.